
Viðbót við minnisblað frá 11. nóvember 2020

Dagsetning: 16. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalykill: 2010085

Efni: Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis frá 11. nóvember 2020 um skólahald vegna opinberra sóttvarnaaðgerða vegna COVID-19 frá og með 18. nóvember 2020.

Vegna umræðu um skólahaldi í grunnskólum frá og með 18. nóvember 2020 þá legg ég til eftirfarandi viðbætur við fyrr tillögur frá 11. og 12. nóvember sl.:

- Tveggja metra regla og grímuskylda verði afnumin í 5.-7. bekk. Áfram verði tveggja metra regla og grímuskylda nemenda í 8.-10. Bekk í samræmi við fyrri tillögur.
- Grímuskylda kennara vegna nálægðar við nemendur gildi gagnvart nemendum í 8.-10. bekk, en ekki yngri nemendum.
- Reglur um blöndun, fjölda, grímunotkun og nálægð gildi ekki á útisvæðum leik- og grunnskóla.
- Um fjölda í íþrótta- og tómstundastarfi fari eftir leik- og grunnskólareglunum, þ.e. hámark 50/25.